

Lykilupplýsingar

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þennan sjóð. Það er ekki markaðsefni. Samkvæmt lögum skulu upplýsingarnar hjálpa þér við að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa þær svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú ræðst í fjárfestingu.

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið

Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum eða sambærilegum fjárfestingarkostum til að hámarka ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma. Engin takmörk eru á líftíma sjóðsins og því geta sveiflur í ávöxtun verið töluvert miklar.

Fjárfestingarstefna

Heimild sjóðsins er nokkuð víð í skuldabréfum. Sjóðurinn getur fjárfest í öllum tegundum skuldabréfa á markaðnum s.s. skuldabréfum með ábyrgð ríkis, fjármálastofnunum, sveitarfélögum og fyrirtækjum eða öðrum skuldaviðurkenningum sem eru skráðar. Aðrar heimildir vega öllu minna eins og óskráð skuldabréf og peningamarkaðsskjöl. Helstu áherslur sjóðsins hafa þó verið á ríkistryggðar afurðir.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda þeirra í samræmi við reglur hans. Innlausnargengi er reiknað daglega. Athygli er vakin á því að við sérstakar aðstæður kann innlausn að verða frestað.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins er endurfjárfest.

Sjóðurinn er lokaður fyrir nýjum hlutdeildarskírteinishöfum en núverandi eigendur geta innleyst úr sjóðnum.

Áhætta og ávöxtun



- Ekki er hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun haldist óbreytt og kann flokkunin að breytast með tímanum.
- Lægsti flokkur áhættu þýðir ekki áhættulausa fjárfestingu.
- Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð.

Áhættumælikvarðinn og helstu takmarkanir

- Um nýjan sjóð er að ræða. Áhættumælikvarðinn byggir á áætlun rekstrarfélagsins þar sem notast er við hermum líkleggar eignasamsetningar m.v. fjárfestingarheimildir.
- Sjóðurinn fellur í flokk 3 en það gefur til kynna að gengi hluta hans er háð nokkrum breytingum. Í samræmi við það getur tapsáhætta og möguleikar til ávöxtunar verið í meðallagi.
- Áhættuflokkunin er áætluð, byggð á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspeglar framtíðaráhættusnið sjóðsins.

Frekari upplýsingar um áhættu

Áhættur sem kunna að skipta máli í rekstri sjóðsins en áhættumælikvarðinn tekur ekki til eru: Lánsáhætta, lausafjárahætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta.

Frekari upplýsingar um áhættu sjóðsins er að finna í útboðslýsingu hans sem liggur frammi á starfsstöð félagsins og á www.stefnir.is

Gjöld fyrir þennan sjóð

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu

Gjald við kaup -%

Gjald við sölu 0%

Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu.

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli

Viðvarandi gjöld 2,09%

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður

Árangurstengd þóknun Engin


Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

Gjöld vegna kaupa og sölu eru hámarksgjöld sem rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins.

Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum ársins 2016. Upplýsingarnar taka mið af mati á líklegum sviðsmyndum í rekstri sjóðsins til framtíðar. Þær kunna að sæta fyrirvaralausum endurmati. Fjárhæð þeirra kann að vera breytileg frá ári til árs. Undanskilin eru: Viðskiptakostnaður vegna eignasafns, nema þar sem sjóðurinn greiðir gjald vegna kaupa og sölu hlutdeildarskrteina í öðrum sjóði.

Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á skrifstofu rekstrarfélagsins eða á www.stefnir.is.

Fyrri árangur



Ávöxtun í fortíð er ekki áreiðanleg vísibending um ávöxtun í framtíð.

Við útreikning er tekið tillit til gjalda og þóknana, annarra en kostnaðar vegna gengismunar.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1985.

Árangur sjóðsins er reiknaður í íslenskum krónum.

Hagnýtar upplýsingar

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf.

Frekari upplýsingar um sjóðinn, eintök af útboðslýsingu hans, ársreikning og árshlutareikning, á íslensku, eru fáanleg án endurgjalds á skrifstofu félagsins og á heimasíðu þess, www.stefnir.is. Þar er jafnframt að finna gengi sjóðsins.

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskrteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi, samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996. Fjárfestum er

bent á að skattalöggjöf heimaríkis þeirra kann að hafa áhrif á skattalega stöðu þeirra.

Stefnir hf. ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingar verðbrefasjóðsins.

Hlutdeildarskrteini sjóðsins eru aðeins gefin út í einum flokki.